



Kópavogi, 24. júní 2022
2204337/510.03 KHK

Borgarholtsbraut 13a

Erindi um breytta aðkomu að lóð

Minnisblað

Í erindi dags.6. apríl 2022 frá lóðarhafa Borgarholtsbrautar 13a er óskað eftir því að merking bílastæðis og innkeyrsla frá lóðinni verði heimiluð frá Borgarholtsbraut. Sótt er um að kantur á gangstétt verði tekin niður á 5 metra bili til að gera aðkomu að lóðinni fyrir bíla ásamt því að eitt stæði við Borgarholtsbraut verði sérmerkt Borgarholtsbraut 13a.

Ferill

Á fundi skipulagsráðs 17 maí var lagt fram erindi lóðarhafa dags. 6. apríl 2022, þar sem óskað er eftir því að merking bílastæðis og innkeyrsla að lóðinni verði heimiluð. Skipulagsráð vísaði erindi til úrvinnslu umhverfissviðs.

Aðkoma

Aðkoma að lóðinni Borgarholtsbraut 13a er skv. mæliblöðum og þinglýstum lóðaleigusamningum meðfram austurmörkum lóðar á Skjólbraut 16. Fram kemur í erindinu frá lóðarhafa að þeir kjósi frekar að koma að lóð sinni frá Borgarholtsbraut, leggja bílum á bílastæðum á bæjarlandi og fara gangandi þaðan inná lóð.





Gildandi lóðaleigusamningar og mæliblöð

Á mæliblaði dags. 22. mars 2017 eru sýnd bílastæði í suðausturhorni lóðarinnar Borgarholtsbraut 13A, með aðkomu um lóðina Skjólbraut 16.

Lóðarleigusamningur Skjólbraut 16 er dags. 10. nóvember 1976, skv. samningnum er kvöð um aðkeyrslu að lóðinni Borgarholtsbraut 13A meðfram austurmörkum lóðarinnar.

Borgarlína um Borgarholtsbraut

Gera má ráð fyrir að göturými Borgarholtsbrautar taki breytingum á næstu árum með tilkomu Borgarlínu. Í rammahluta aðalskipulags sem er á vinnslustigi og í frumdragaskýrslu Borgarlínurnar er gerð tillaga að þversniði á þessum hluta Borgarholtsbrautar þar sem gert er ráð fyrir göngu- og hjólastígum, sérrými fyrir borgarlínu í eina átt og akreinar fyrir bílaumferð. Ekki er búið að taka endanlega ákvörðum um þversnið á Borgarholtsbraut en gera má ráð fyrir að núverandi bílastæði á bæjarlandi meðfram götunni verði fjarlægð.



Umferðarspá

Í umferðarspá VSÓ frá apríl 2020 sem unnin var í tengslum við aðalskipulag Kópavogs kemur fram að umferðarþungi á Borgarholtsbraut er talsverður eða 8500 (HVDU) árið 1219. Umferðarspá gerir ráð fyrir að umferð aukist enn frekar á næstu árum í takt við uppbyggingu á Kársnesi uppí 10000 (HVDU) .

Niðurstaða

Umferðarþungi á Borgarholtsbraut er talsverður og spár gera er ráð fyrir að bílaumferð aukist ennafrekar. Göturými á Borgarholtsbraut mun taka stakkaskiptum með tilkomu Borgarlínu og bílastæði í göturýminu munu vera fjarlægð til að koma fyrir göngu- og hjólastígum. Útfrá ofangreindur þykir ekki ráðlagt að leyfa, sérmerkingu bílastæðis á bæjarlandi, niðurfellingu á kantsteini og innkeyrslu á lóð sem myndi þurfa þvera bæði göngu og hjólastíga til að komast á götu.



Fylgiskjal 1.

Erindi dags.6. apríl 2022 frá lóðarhafa Borgarholtsbrautar 13a

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Idunn Antonsdóttir <iant1954@hotmail.com>
Sent: miðvikudagur, 6. apríl 2022 10:45
To: Skipulag
Subject: Merking bílastæðis og gerð innkeyrslu við Borgarholtsbraut 13a
Attachments: Bílastæði.docx

Sæl/ir.

Undirrituð óskar eftir að merking bílastæðis og innkeyrsla við Borgarholtsbraut 13a verði heimiluð. Staðan í dag er þannig að engin aðkeyrsla né bílastæði er að Borgarholtsbraut 13a. Mjór stígur liggur að húsinu frá Skjólbraut sem tæpast/ekki er nothæfur sem innkeyrsla. Þetta hefur komið sér afar illa, t.a.m. getur sjúkrabíll hvergi komið að húsinu og sorphirðubílar þurfa að stoppa úti á götu þegar hvergi eru laus stæði á svæðinu frá Borgarholtsbraut 13 - 15.

Veruleg breyting hefur orðið á notkun fyrrnefndra stæða vegna notkunar þeirra sem langtímastæða sendibíla og flutningabíla.

Meðfylgjandi er skýringarmynd sem sýnir hvers er óskað.

Bestu kveðjur og vonir um skjóta og jákvæða afgreiðslu.
Idunn Antonsdóttir,
Kt. 151154-5499
S. 6648603

Sent from [Mail](#) for Windows



Sótt er um:

- Að blálitað svæði norðanhússverði samþykkt sem bílastæði.
- Að tekinn verði um 5m fleygur úr gangstéttarbrún fyrir framan bílastæðið (grænlína) og að bannað verði að leggja þar fyrir framan.
- Að eitt stæði, austan við umrædda uppkeyrslu að húsi, verði sérmerkt Borgarholtsbraut 13a (rautts væði).

